



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Háskólinn á Akureyri
Hug- og félagsvísindasvið
Kennaradeild
2017

Annað mál eða erlent mál?

Staða ensku á Íslandi skoðuð
í samanburði við hæfniviðmið Aðalnámskrár

Karen Ruth H. Aðalsteinsdóttir

Leiðsagnarkennari: Kristín Margrét Jóhannsdóttir

12 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs í kennarafræðum

Titill: Annað mál eða erlent mál? Staða ensku á Íslandi skoðuð
í samanburði við hæfniviðmið Aðalnámskrár
Stuttur titill: Annað mál eða erlent mál?

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
í kennarafræðum við kennaradeild,
Hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri

Höfundarréttur © 2017 Karen Ruth H. Aðalsteinsdóttir
Öll réttindi áskilin

Prentun: Stell
Akureyri, 2017

Ágrip

Í gegnum tíðina hefur íslenska þjóðin orðið fyrir margvíslegum ytri áhrifum annarra tungumála sem hafa haft mótandi áhrif á þjóðfélagið og kennslu þessara tungumála. Staða ensku á Íslandi hefur tekið töluverðum breytingum undanfarin ár og þörf er á frekari umræðu um breytta stöðu tungumálsins. Þær fáu rannsóknir sem hafa verið gerðar á þessu sviði hafa leitt í ljós að viðhorf Íslendinga til ensku er almennt jákvætt. Í þessari ritgerð er fjallað um vaxandi áhrif ensku á Íslandi og þá sérstaklega í ljósi nýjustu Aðalnámskrár grunnskólanna. Markmið ritgerðarinnar er að vekja athygli á þessari breyttu stöðu ensku á Íslandi og bera saman við þær kröfur sem gerðar eru til nemenda á grunnskólaaldri og hvaða hæfni er ætlast til að þeir hafi tileinkað sér í tungumálum við lok grunnskólanáms. Niðurstöðurnar sýna að kröfur um færni í ensku og dönsku eru þær sömu þrátt fyrir mismikið áreiti. Íslendingar heyra og lesa ensku nánast daglega og tileinka sér ágætis samskiptafærni í ensku á meðan danska er ekki daglegur hluti af lífi þeirri. Þrátt fyrir góða samskiptafærni í ensku eru þeir aftur á móti verr staddir þegar nota á tungumálið í akademísku umhverfi. Í því samhengi virðist vera þörf á því að endurskilgreina stöðu ensku hér á landi og taka mið af þessari breyttu stöðu tungumálsins þegar hæfniviðmið eru samin og sett fram fyrir grunnskóla landsins.

Abstract

Over time, the Icelandic nation has been exposed to influences from other languages that have shaped the society and the development of language learning. The status and increased presence of English in Iceland has changed immensely in the past few years and has furthered the need for discussion of this changed position. The few studies that have been conducted on this issue have shown that the attitude towards English language learning is generally positive among Icelanders. This thesis focuses on the increasing effect of English in Iceland in relation to the competence criteria for foreign languages in the Icelandic National Curriculum guide for compulsory schools. The main goal of this thesis is therefore to shed a light on this changed position of English in Iceland in comparison to the competence levels required of students by the end of their compulsory education. The results show that despite the amount of difference in influence the requirement levels for English and Danish are the same. Icelanders hear and read English almost on a daily basis and can hold up a conversation but Danish is not a part of their daily lives. Despite their good conversation skills they have issues using the language in an academic environment. In this context, it seems vital to re-examine the status of English in Iceland and consider that changed status when competence levels are composed and presented to the schools.

Formáli

Þessi ritgerð er 12 ECTS eininga lokaverkefni til fullnustu B.Ed.-prófs í kennarafræðum við Háskólann á Akureyri með áherslu á efsta stig grunnskóla. Áhugi á þessu tiltekna efni kviknaði í kennslustund hjá leiðbeinanda mínum við lestur á grein eftir Birnu Arnbjörnsdóttur (2007) þar sem hún fjallar um stöðu ensku á Íslandi og hvort tungumálið eigi meira sameiginlegt með skilgreiningu á öðru máli en erlendu máli.

Sérstakar þakkir fær leiðbeinandi minn Kristín Margrét Jóhannsdóttir fyrir stuðning og hvatningu, aðstoð við val á efni og ábendingar varðandi heimildir og uppbyggingu ritgerðarinnar. Auk þess fær móðir mín, Rannveig Jónsdóttir, allar mínar þakkir fyrir þrotlausa trú á stúlkunni sinni og yfirlestur sem virtist engan endi ætla að taka. Að lokum vil ég síðan þakka samnemendum mínum og öllum þeim sem hafa stutt við bakið á mér og gert þessi þrjú ár sem ég hef stundað nám við Háskólann á Akureyri ógleymanleg.

Karen Ruth Hansen

Myndaskrá

Mynd 1: Hlutfall þeirra sem heyra, lesa, tala og skrifa ensku daglega, vikulega og mánaðarlega	17
Mynd 2: Viðhorf nemenda í grunnskólum Akureyrar á dönsku og ensku	30

Töfluskrá

Tafla 1: Áætlað hlutfall þeirra sem tala kínversku og ensku sem fyrsta og annað tungumál	20
--	----

Efnisyfirlit

MYNDASKRÁ	1
TÖFLUSKRÁ	1
1. INNGANGUR	3
2. ERLEND ÁHRIF Á ÍSLENSKT SAMFÉLAG	4
2.1 Sambandsríkin Danmörk og Ísland	5
2.2 Tengsl við enskumælandi þjóðir	7
2.3 Tungumálakennsla á Íslandi	9
3. ANNAÐ MÁL EÐA ERLENT MÁL?	13
3.1 Breytt staða ensku á Íslandi	14
3.2 Enska sem alþjóðlegt samskiptamál	18
4. HÆFNIVIÐMIÐ AÐALNÁMSKRÁR	22
4.1 Menntagildi og megintilgangur erlendra tungumála	22
4.2 Hæfniviðmið fyrir erlend tungumál	24
4.2.1 Hlustun, samskipti og frásögn	24
4.2.2 Lesskilningur	25
4.2.3 Ritun	26
4.2.4 Menningarlæsi	26
4.2.5 Náms hæfni	27
4.3 Samantekt	28
5. UMRÆÐUR	29
6. LOKAORÐ	33
HEIMILDASKRÁ	34

1. Inngangur

Kunnátta í erlendum tungumálum hefur ætíð verið lykill Íslendinga að menntun og þekkingu á ýmsum sviðum auk þess sem hún hefur fjölgað tækifærum til samskipta við útlendinga jafnt innan landsins sem utan. Árangur á vinnumarkaði felst oftast ekki í kunnáttu í erlendum tungumálum sem gefur greiðari aðgang að markaði fyrir utan landsteinanna. Áhrif ensku hefur sífellt gætt meira undanfarið með tilkomu Internetsins og auðveldari samskiptum í gegnum hina ýmsu miðla. Ísland er þar ekki undanskilið og hafa unglingar landsins orðið fyrir mesta áreitinu. Markmið þessarar ritgerðar er að reyna að varpa ljósi á breytta stöðu ensku á Íslandi sem og á alþjóðavettvangi og hvort hæfniviðmið Aðalnámskrár 2011 falli að þessum breytingum. Samkvæmt Aðalnámskrá eiga nemendur að hafa náð hæfni á 3. stigi við lok grunnskóla bæði í ensku og dönsku sem virðist ekki taka mið af breyttri stöðu ensku hér á landi og dvínandi áhrifum dönsku. Í þessari ritgerð verður því reynt að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu: Er þörf á að endurskilgreina hæfniviðmið Aðalnámskrár til að þau falli að þessum breytingum?

Ritgerðin skiptist í þrjú meginkafla þar sem farið er ítarlega í hvernig staða enskunnar hefur breyst hér á landi, hvaða skilgreiningar innan málvísinda gætu átt við þessa nýju stöðu og hvert megininntak Aðalnámskrár 2011 er gagnvart erlendum tungumálum. Í fyrsta kaflanum verður komið inn á sögu Íslands og Danmerkur sem sambandsríkis til þess að varpa ljósi á mikilvægi dönskunnar á þeim tíma. Í kjölfarið verður síðan fjallað um vaxandi áhrif ensku á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar og hvernig þessi samskipti höfðu áhrif á þróun tungumálakennslu á Íslandi. Í öðrum kafla er farið yfir ólíkar skilgreiningar innan annarsmálsfræða og hver staða enskunnar er á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi. Mjög lítið hefur verið ritað um fræðasvið hagnýtra málvísinda á íslensku og því eðlilegt að sum hugtök hafi ekki enn skipað sér sess í íslensku máli. Í því samhengi verður notast við þau hugtök sem Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir settu fram í bók sinni *Mál málanna* (2007, bls. 310–322). Í þriðja kafla er síðan farið ítarlega í menntagildi og tilgang erlendra tungumála og hæfniviðmið Aðalnámskrár. Í lokin verða ofantalin atriði síðan dregin saman og reynt verður að svara rannsóknarspurningunni sem sett var fram hér að framan.

2. Erlend áhrif á íslenskt samfélag

Í gegnum tíðina hefur íslenska þjóðin komist í kynni við önnur tungumál sem hafa haft mótandi áhrif á samfélag þess og hina íslensku tungu. Í því samhengi má nefna landnám norrænna manna, þegar Noregur og Danmörk náðu yfirráðum á Íslandi, og það þegar Bretar og Bandaríkjamenn hersátu landið á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar. Gjarnan er talað um að tungumál séu tæki til samskipta manna á milli og því eðlilegt að gera ráð fyrir að þau taki breytingum í takt við það þjóðfélag sem þau tilheyra og áreitnina sem þau verða fyrir. Þetta á jafn vel við um íslenskuna og önnur lifandi mál (Sölvi Sveinsson, 1991, bls. 40).

Á víkingaöld námu norrænir menn land á Íslandi og settust þar að. Langflestir komu frá því landsvæði sem nú er Noregur og má ætla að málið sem hér var talað hafi verið vesturnorræna. Fljótlega byggðist landið allt, Alþingi var sett á stofn, kristni lögtekin og skólahald hófst í Skálholti. Þegar samfélagið fór að mótast og hægjast fór á fólksflutningum inn og út úr landinu fór íslenskan að myndast og smám saman greindust mál norrænna manna í sundur og þjóðtungur Norðurlandabúa urðu til. Elstu rituðu heimildirnar um skrifaða íslensku ná allt til síðari hluta 12. aldar. Á þessu tímabili var íslenska lítið frábrugðin vesturnorrænu og norskum mállýskum en þegar leið á 13. og 14. öld fór íslenskan að skapa sér sérstöðu sem tungumál (Stefán Karlsson, 2004, bls. 9; Sölvi Sveinsson, 1991, bls. 41).

Íslenska ritmálið hefur í raun tekið afskaplega litlum breytingum og þótt ýmislegt í rithætti hafi breyst geta Íslendingar samt sem áður lesið texta allt frá tímum Íslendingasagnanna og til dagsins í dag. Það þýðir þó ekki að tungumálið hafi ekki þróast því töluverðar breytingar hafa meðal annars orðið á framburði, í beygingum orða og að sjálfsögðu í orðaforða. Sum orð hafa haldist í tali en önnur skiljast betur í ritun. Þetta sést greinilega á dönskum tökuorðum sem sjaldan finnast í prenti en eru algeng í tali meðal eldra fólks (Guðrún Kvaran, 2004, bls. 144).

Í undirkafla 2.1 verður gert grein fyrir konungssambandi Íslands og Danmerkur fyrr á tímum og stigvaxandi áhrifum dönsku tungunnar á íslenskt samfélag eftir að þjóðin glataði sjálfstæði sínu til Danmerkur árið 1380. Komið verður inn á hvernig draga fór úr þessum áhrifum þegar þjóðin öðlaðist fullveldi 1918 og meira fór að bera á áhrifum ensku í samfélaginu. Í undirkafla 2.2 verður fjallað um þessi vaxandi áhrif

enskunnar í kjölfar hernáms Breta og Bandaríkjamanna á árunum 1940–1941. Í lokin verður dregið saman í undirkafla 2.3 hvaða áhrif þessir atburðir hafa haft á þróun tungumálakennslu hérlendis.

2.1 Sambandsríkin Danmörk og Ísland

Ísland var hluti af norska konungsríkinu allt til ársins 1380 þegar konungssamband myndaðist á milli Noregs og Danmerkur. Noregur hélt stöðu sinni sem sérstakt ríki innan sambandsins og laut danskri stjórn til ársins 1814 þegar Svíar náðu yfirráðum yfir landinu í kjölfar Napóleonsstyrjaldanna. Það var Dönnum mikið áfall að missa Noreg í hendur Svía og einhverra hluta vegna töldust Ísland, Færeyjar og Grænland aldrei til þessa nýja sambandsríkis Svía og Norðmanna. Ísland féll þannig í hendur Dana, þegjandi og hljóðalaust. Þessi tíðindi voru ekki tilkynnt Íslendingum sérstaklega og urðu þeir lítið varir við breytingarnar. Íslendingar höfðu frá 1380 svarið hollustu sína konunginum sem sat í Kaupmannahöfn og því hafði það ekki mikil áhrif á þá hvort Noregur væri hluti af ríkinu eða ekki (Guðjón Friðriksson og Jón Þ. Þór, 2013, bls. 11–16).

Í upphafi voru Danmörk og Ísland ekki nán en samskiptin jukust smám saman. Íslendingar byrjuðu að ferðast til Kaupmannahafnar til að stunda viðskipti við konunginn og embættismenn hans. Fljótlega varð mikilvægt að hafa góða undirstöðu í dönsku til að eiga í samskiptum við Dani og hvatt var til frekari notkunar tungumálsins á Íslandi. Eftir að norska þingið var afnumið á tímum siðaskiptanna 1541–1550 voru öll íslensk málefni tekin fyrir á dönsku þingi og fóru fyrir danska konunginn. Frá tímum siðaskiptanna og langt fram undir 19. öld stunduðu Íslendingar nánast eingöngu viðskipti við Danmörku. Íslensk stjórnsýsla var staðsett í Kaupmannahöfn og ríkisstjóri Íslands var yfirleitt háttsettur Dani eða Norðmaður. Embættismenn höguðu öllum sínum viðskiptum í samræmi við tilskipanir yfirmanna sinna í Danmörku og allar opinberar tilskipanir voru birtar á dönsku. Verslanir á Íslandi voru lengi vel undir danskri einokun sem hafði mikil áhrif á íslenskt mál og íslenskt samfélag. Dönsk hugtök voru oft notuð yfir ýmsar vörur og aldönsk samfélög byrjuðu að myndast á Íslandi (Auður Hauksdóttir, 2016, bls. 80–82; Kjartan G. Ottósson, 1990, bls. 14–15; Stefán Karlsson, 2004, bls. 34–35).

Siðaskiptin höfðu mikil áhrif á þáverandi samband Íslands og Danmerkur og á þessum tíma þýddi íslenska kirkjan mikið af dönskum textum og sálum yfir á íslensku. Íslendingar þurftu því að leggja mikið á sig við að læra dönsku til að geta þýtt danskt efni. Þessi varðveisla íslenskrar tungu skapaði ákveðnar forsendur fyrir hreintungustefnu þrátt fyrir að meira væri lagt upp úr beinþýðingum en því að þýðingin væri á góðu máli. Hugmyndir um lýðræðisleg réttindi kviknuðu samt fyrst í Kaupmannahöfn og komu frá íslenskum nemendum og fræðimönnum. Áhugi þeirra á hreintungustefnu á Íslandi var að mestu tilkomin vegna þess að danska tungumálið hafði verið í sömu stöðu gagnvart þýskum tökuorðum. Danskir fræðimenn höfðu einnig mikinn áhuga á þróun íslenskrar tungu og sumir ýttu jafnvel undir varðveislu hennar. Íslenskar fornbókmenntir vöktu líka mikinn áhuga meðal dönsku þjóðarinnar og ófár Daninn leit á íslensku sem hið fyrirmyndarmál sem ýtti enn frekar undir vaxandi þjóðernishyggju Íslendinga. Notkun dönsku meðal Íslendinga sætti mikilli gagnrýni í kjölfar þessarar vitundarvakningar í þjóðfélaginu. Rasmus Rask, danskur textafræðingur, var meðal þeirra sem viðraði álit sitt á stöðu íslensku tungunnar og hélt því fram að eftir hundrað ár myndi enginn í Reykjavík skilja íslensku og eftir tvo hundruð ár myndi enginn Íslendingur skilja tungumálið nema róttækum aðferðum yrði beitt (Auður Hauksdóttir, 2016, bls. 82–84; Stefán Karlsson, 2004, bls. 34–35).

Í Danmörku styrktist danskan aftur á móti töluvert með vaxandi þjóðernishyggju og þá sérstaklega innan menntakerfisins. Farið var að prenta meira efni á dönsku og meðal þess voru kennslubækur sem áður höfðu verið prentaðar á latínu. Þrátt fyrir að þessi vaxandi þjóðernishyggja í Danmörku hefði áhrif á þjóðerniskennd íslenskra nemenda í Kaupmannahöfn hafði þetta einnig í för með sér að danskar kennslubækur fóru að taka við af latneskum í Lærða skólanum á Bessastöðum. Í Kaupmannahafnarháskóla gerðist slíkt hið sama og varð góð undirstaða í dönsku mikilvæg fyrir íslenska nemendur sem stunduðu nám við skólann. Í kjölfarið var danska síðan kennd sem erlent tungumál í Lærða skólanum og Íslendingar fóru að kenna sjálfum sér málið (Auður Hauksdóttir, 2016, bls. 83–84).

Við þéttbýlismyndun 18. og 19. aldar jukust áhrif dönskunnar enn frekar og þóttu menn í hávegum hafðir ef þeir gátu talað og skrifað góða dönsku. Íslendingum fannst nýtiskulegt að tala dönsku og margir notuðu oft dönsk orð og kurteislega frasa. Heimildir gefa jafnvel til kynna að Íslendingar hafi gjarnan notað tungumálið í

aðstæðum þar sem ekki var þörf á því. Reykjavík var því orðin hálf danskur bær og þar sem Danir skildu illa íslensku var danska notuð þar sem Danir og Íslendingar komu saman. Reykjavík var líka á þessum tíma orðin raunverulegur höfuðstaður landsins og þegar Ísland varð fullvalda ríki árið 1918 urðu veigamiklar breytingar á stöðu þess í danska ríkinu. Þessar breytingar snertu óbreytt alþýðufólk og snerist um rétt þeirra til almennra lýðréttinda og þá einkum kosningaréttar. Sú hugmynd að Ísland gæti öðlast sjálfstæði frá Dönum hafði í för með sér sterkara viðhorf til varðveislu íslenskrar tungu og áhrif dönskunnar fór dvínandi. Þann örlagaríka dag 10. maí 1940 renndi breski flotinn síðan inn á sundin við Reykjavík og var ætlun breska heimsveldisins ekki að sigra Íslendinga með vopnum heldur vinahótum og viðskiptafríðindum. Jafnvel þótt þjóðin hefði nú þegar í sinni sögu orðið fyrir áhrifum annarra þjóða og frá ensku markaði hernám Breta ákveðin tímamót í sögu Íslands (Auður Hauksdóttir, 2016, bls. 84–86; Kjartan G. Ottósson, 1990, bls. 58; Loftur Guttormsson, 2008a, bls. 43; Þór Whitehead, 1999, bls. 9 og 11).

2.2 Tengsl við enskumælandi þjóðir

Enskir skipverjar lögðu fyrst landfestar við Ísland á 15. öld í þeim tilgangi að veiða og stunda viðskipti. Náin tengsl mynduðust fljótlega á milli þjóðanna og þetta tímabil í sögu Íslands hefur gjarnan verið kallað *Enska öldin*. Á þessum tíma var útlendingum almennt meinaður aðgangur að fiskimiðum og verslun á Íslandi samkvæmt lögum samþykktum af Dana- og Noregskonungi. Bannið hafði hins vegar lítil áhrif á Íslendinga og danska embættismenn sem búsettir voru á Íslandi. Skipakostur Norðmanna var lélegur á þessum tíma og eftir ítrekaðar árásir af höndum sjóræningja neyddust þeir til að leigja ensk skip til að verjast þeim. Eingöngu ensk skip lögðust því að höfn á Íslandi og þökk sé kornvöru Englendinga og öðrum aðfluttum nauðsynjum lifðu Íslendingar erfiða vetur af. Enskir kaupmenn sem komu til landsins voru oft kallaði verslunarkönnuðir (e. merchant adventurers) sem leituðu sífellt að nýjum löndum til að versla við. Þessir verslunarkönnuðir höfðu ferðast víða um heiminn og annað hvort námu auð lönd eða tóku þau með valdi. Þeir voru arfþegar norrænna víkinga og litu á Íslendinga sem frændur sína. Englendingum blöskraði því meðferð Dana og Norðmanna á Íslendingum og lyfti enska verslunin þeim upp úr eynd og armæðu. Enskir gullpeningar flæddu inn í landið og voru þeir lengi vel ein algengasta

mynt landsins. Mörg ensk tökuorð eiga uppruna sinn á þessu tímabil og tengjast oftast varningi, sjómennsku og fiskveiðum. Innfæddur Íslendingur myndi jafnvel eiga í erfiðleikum með að bera kennsl á þau ef hann væri ekki góður að sér í íslenskri orðsifjafraði eða sögu tungumálsins (Guðrún Kvaran, 2004, bls. 145; Jón Stefánsson, 1949, bls. 245–248).

Margir Bretar lögðu líka leið sína til Íslands eftir að gufuskjipin komu til sögunnar. Breskir ferðamenn hafa án efa átt í samskiptum við Íslendinga á ferðalögum sínum sem hefur haft mótandi áhrif á skoðanir þeirra á ensku og hvatt þá til að leggja stund á málið. Talið er að Íslandsferðir Breta hafi einnig stuðlað að áhugaverðum frásögnum af ævintýrum þeirra og upplifun. Ferðasögur Ebenezer Henderson og lávarðarins Dufferin hvöttu til Íslandsferða og fylgdu fleiri í spor þeirra. Menntaðir menn og stúdentar leigðu sig jafnvel út sem túlkar fyrir enska ferðamenn. Bernharð Stefánsson nefnir meðal annars í ævisögu sinni að gestagangur hafi verið mikill á heimili hans og þar hefðu fjölmargir ferðamenn gist. Einn þessara gesta að nafni Howell kom gjarnan með hóp af ferðamönnum til landsins í gegnum ferðaskrifstofu sína í þeim tilgangi að sýna þeim landið. Sigurjón og Sigurður Sumarliðasynir, bræður frá Ásláksstöðum í Kræklingahlíð, voru leiðsögumenn og túlkar í ferðunum. Báðir bræðurnir höfðu dvalið um hríð í Bandaríkjunum og höfðu því ágætis undirstöðu í tungumálinu (Auður Hauksdóttir, 2007, bls. 24–25).

Ásamt því að eiga í samskiptum við breska ferðamenn áttu Íslendingar einnig í miklum viðskiptum við Breta og þar má meðal annars nefna sölu íslenskra hrossa og sauðfjár sem stóð allt frá árunum 1870–1896. Eftir þann tíma fór að hægjast á sauðasölu en sala hrossa hélt áfram fram yfir árið 1920. Bretar stunduðu einnig umdeildar botnvörpuveiðar uppi við strönd landsins á síðari hluta 18. aldar. Á sama tíma, í kringum 1870–1914, fluttust fjölmargir Íslendingar til Vesturheims. Þessir miklu fólksflutningar höfðu áhrif víða í þjóðfélaginu og vaxandi umræða um Vesturfarana og samskipti við hina enskumælandi þjóð varð til þess að þekking almennings jókst á þessum hluta heimsins, meðal annars vegna bréfa sem send voru heim. Þeir sem fluttust vestur um haf þurftu að hafa góða undirstöðu í ensku til þess að geta tjáð sig við innfædda (Auður Hauksdóttir, 2007, bls. 25–26).

Bein áhrif enskunnar byrjuðu samt sem áður ekki fyrr en á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar á árunum 1940–1941. Ísland var fyrst hersetið af breskum

hermönnum og seinna meir bandarískum. Báðir herirnir settu upp herbúðir á vegum NATO og á tímum stríðsins voru fleiri sem töluðu ensku búsettir í landinu en heildarfjöldi íslensku þjóðarinnar. Sambandið við Danmörku fjaraði hægt og rólega út og tengslin við hinn enskumælandi heim urðu sífellt sterkari. Engar rannsóknir hafa verið gerðar til að finna út í hvaða samhengi og stíl ensk orð eru vinsælust á Íslandi og þar sem flest þeirra eru algengust í töluðu máli er erfitt að greina uppruna þeirra. Fjölmörg þeirra orða sem algeng voru á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar eru sjaldan notuð og því ómögulegt að greina hvaðan þau eru uppsprottin (Guðrún Kvaran, 2004, bls. 145).

Þessi breytilegu áhrif tungumála á Íslandi hafa haft mótandi áhrif á þróun tungumálakennslu hér á landi. Þegar landið var undir stjórn Danmerkur hafði danska málið mikil ítök í íslenska skólakerfinu og voru flestar námsbækur gefnar út á dönsku og venjulegar kennslustundir jafnvel kenndar á dönsku. Það var ekki fyrr en 1936 að erlend tungumál voru skilgreind sérstaklega í lögum um fræðslu barna og var þá danska fyrsta erlenda tungumálið. Með Aðalnámskránni 1999 breyttist áherslan og hefur enskan síðan þá verið skilgreind sem fyrsta erlenda tungumálið sem börn læra í skóla. Í næsta kafla verður litið nánar á þessa þróun tungumálakennslu á Íslandi.

2.3 Tungumálakennsla á Íslandi

Áherslur í námskrám, lögum og almennri tungumálakennslu hafa tekið miklum breytingum frá upphafi skólastarfs á Íslandi. Skólar risu tiltölulega seint á Íslandi og fyrstu fræðslulögin voru ekki sett fyrr en árið 1907. Í þeim var ekki gert ráð fyrir kennslu erlendra tungumála og voru þau ekki tilgreind meðal kennslugreina fyrr en með lögum um fræðslu barna 1936. Heimildir gefa engu að síður til kynna að börn hafi fengið kennslu í erlendum tungumálum fyrir þann tíma, þá sérstaklega í dönsku og að einhverju leyti í ensku. Þar sem skólar komu seint til sögunnar á Íslandi lærðu Íslendingar gjarnan erlend tungumál upp á eigin spýtur. Ein af ástæðunum fyrir því var að lesefni á íslensku var af skornum skammti og því nauðsynlegt að læra fleiri en eitt tungumál til að geta lesið sér til gagns og gamans (Auður Hauksdóttir, 2007, bls. 27, 2016, bls. 84; Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, 2007, bls. 158).

Í upphafi 19. aldar var einungis einn skóli á Íslandi – Lærði skólinn á Bessastöðum. Í skólanum var danska eitt af fögnum og stór hluti af náminu fór fram

á dönsku. Íslendingar sóttu gjarnan menntun sína í Kaupmannahafnarháskóla og þeim sem útskrifuðust þaðan voru öllu jafna boðnar virtar stöður heima á Íslandi. Þetta hafði í för með sér aukna virðingu gagnvart menntun í Danmörku og dönsku máli. Mikilvægt var að hafa góða undirstöðu í dönsku til að standast inntökupróf háskólans. Þeir sem komu úr sveitunum, þar sem áhrif dönskunnar voru tiltölulega minni en á höfuðborgarsvæðinu, áttu erfiðara með að tjá sig og skilja talað mál þótt þeir ættu auðvelt með að lesa og skrifa dönsku. Í kjölfar þess fór að gæta þeirrar hugmyndar að styrkja þyrfti stöðu tungumálsins á Íslandi. Íslendingar höfðu ætíð borið sig mikið saman við aðrar norrænar þjóðir og setti það áberandi mark á menntaumræðuna í landinu. Margir þeir sem höfðu ferðast til útlanda í þeim tilgangi að skoða tilhögun skólamála birtu niðurstöður sínar í tímaritum sem hafði mótandi áhrif á skoðanir Íslendinga. Af öllum löndum höfðu Íslendingar mest kynni af Danmörku og hafði því ástand menntamála þar mikil áhrif á skólastarf á Íslandi (Auður Hauksdóttir, 2016, bls. 84–86; Loftur Guttormsson, 2008b, bls. 75–76).

Á síðari hluta 19. aldar var Lærði skólinn fluttur frá Bessastöðum til Reykjavíkur og við það breyttust áherslur í kennslu tungumála. Meðal annars var ákveðið að danska og íslenska yrðu skyldufög í skólanum. Íslenska yrði kennd sem móðurmál á meðan danska yrði kennd sem erlent tungumál. Enska hafði ekki verið kennslugrein á Bessastöðum en var fyrst kennd sem val þegar skólinn var færður til Reykjavíkur. Í reglugerð skólans var tungumálið skilgreint sem valgrein og átti að standa nemendum í einum bekk til boða tvær stundir á viku utan hefðbundinnar kennslu. Með reglugerð sem sett var fram árið 1877 varð enska loks skyldugrein og var þá kennd í fjórum bekkjum tíu stundir á viku. Enn frekari breytingar voru gerðar með reglugerðinni árið 1904 og var tímum fækkað í latínu og grísku til að fjölga kennslustundum í dönsku og ensku. Í kjölfar þessara breytinga þrefölduðust kennslustundirnar í ensku (Auður Hauksdóttir, 2007, bls. 20–21).

Grunnskólar fóru fljótlega að ryðja sér til rúms í þéttbýlisstöðum landsins og í mörgum þessara skóla var danska eitt af skyldufögnum. Jafnvel þótt dönskukennslan hefði batnað til muna voru enn margir Íslendingar sem áttu erfitt með að tjá sig munnlega á tungumálinu. Vinsælasta kennsluáðferð Íslendinga á þessum tíma var málfræði- og þýðingaraðferðin sem einblíndi um of á málfræðilega hlutann af tungumálanáminu og fól mestmegnis í sér að þýða danska texta yfir á íslensku. Þessi

aðferð skilaði miklu hvað varðar málfræði, lestur, orðaforða og skriftarstíl en hentaði illa þegar kenna átti hljóðfræði og framburð. Sú staðreynd að stór hluti kennslubóka í öðrum fögum væru enn á dönsku ýtti heldur ekki á upptöku nýrra aðferða í dönskukennslu. Á þessum tíma voru einnig fáir kennara sem töldust hæfir til þess að kenna tungumálið hvort sem um var að ræða málfræði eða framburð (Auður Hauksdóttir, 2016, bls. 86).

Þegar ný fræðslulög voru samþykkt árið 1946 höfðu þau í för með sér viðamiklar breytingar á þáverandi skólakerfi. Skylda var að kenna erlend tungumál á unglingsstigi og fengu nemendur fleiri tíma í dönsku en í ensku. Árið 1960 var síðan brotið blað í sögu tungumálakennslu þegar fyrsta námskráin fyrir nemendur á fræðsluskylduáldri var gefin út af Menntamálaráðuneytinu. Í þessari námskrá er að finna bæði markmið og leiðir í kennslu erlendra tungumála. Mun ítarlegar var farið í markmið og kennsluaðferðir í dönskukennslu og greinilegt er að ítök tungumálsins hafi verið meiri við útgáfu þessarar námskrár. Málfræði- og þýðingaraðferðin var einkennandi í þessari útgáfu en sjá má glögg merki um áhrif frá beinu aðferðinni. Ólíkt þeirri fyrrnefndu felst beina aðferðin í því að nemendur nái tókum á erlenda tungumálinu með því að nota það á sama hátt og móðurmálið og án þess að nota þýðingar sem milligöngu. Sú fyrri var vissulega barn síns tíma og eins og komið hefur verið inn á áður var hún allsráðandi í tungumálakennslu hér á landi á nítjándu öld og fyrr. Aukin samskipti milli þjóða fóru aftur á móti að kalla á betri aðferðir og aukna áherslu á hljóðfræði og máltöku. Margir bentu á að kennslan tæki of mikið mið af því að kenna málfræði frekar en að kenna nemendum að nota málið og upp úr þessum rökræðum spratt beina aðferðin (Auður Hauksdóttir, 2007, bls. 167–168; Menntamálaráðuneytið, 1960, bls. 47–52).

Fljótlega eftir að Menntamálaráðuneytið fór að sinna skólarannsóknunum árið 1966 voru gefnar út skýrslur sem sýndu jákvætt viðhorf og góðan árangur nemenda í tungumálanámi. Í mars 1969 voru lagðar fram tillögur að áætlun um að færa dönsku- og enskukennslu niður á barnafræðslustig og í maí sama ár var skipuð nefnd til að semja drög að námskrá fyrir enskukennslu í yngri bekkjum. Þessari auknu málakennslu var vel tekið í þjóðfélaginu og má rekja þennan vaxandi áhuga meðal annars til þeirrar umbyltingar sem þorskastríðið við Breta olli, hersetu Breta og Bandaríkjamanna og aukin samskipti Íslendinga við enskumælandi þjóðir. Markmið

og kennsla erlendra tungumála tók samt sem áður ekki miklum breytingum fyrr en árið 1999 þegar sett var á fót sérstök námskrá í erlendum tungumálum á grundvelli nýrra grunnskólalaga sem tóku gildi árið 1995. Nýbreytni í þessari námskrá var að með henni varð enska fyrsta erlenda tungumálið í stað dönsku (Auður Hauksdóttir, 2007, bls. 37–38 og 44).

Eins og sjá má hefur skólastarf, og ekki síst tungumálakennsla, tekið mjög miklum breytingum á þeirri rúmu öld sem liðin er frá því að fyrstu fræðslulögin voru sett fram. Fyrir utan latínu og grísku er hæpið að staða nokkurrar kennslugreinar hafi tekið jafn miklum breytingum og enska. Í 3. kafla verður nánar farið í áhrif þessara breytinga í samanburði við stöðu enskunnar sem alþjóðlegs samskiptamáls og þeirra breytinga sem orðið hafa á íslensku þjóðfélagi í gegnum tíðina (Auður Hauksdóttir, 2007, bls. 44–45).

3. Annað mál eða erlent mál?

Fæstum myndi detta í hug að erfitt gæti verið að skilgreina hvað felst í hugtakinu *tungumál* en hingað til hafa málfræðingar og þeir sem aðhyllast textafræði ekki komið sér saman um eina algilda skilgreiningu. Að reyna að skilgreina jafn vítt hugtak og *tungumál* er jafn erfitt og að skilgreina hugtak á borð við *menningu*. Vandamálið við að skilgreina slík hugtök er ekki greiningin sjálf heldur að útskýra hvers vegna þessi tiltekna skilgreining hentar í hverju tilfalli fyrir sig. Bæði málfræðingar og mannfræðingar hafa vissulega komist af án samþykkrar skilgreiningar á hugtökunum en þegar markmiðið er að setja fram fræðilegar kenningar skiptir eigin túlkun og lýsingar á efninu miklu máli til að koma því frá sér á skilmerkilegan hátt (Brown, 1994, bls. 4; Dan og Nicolas, 2008, bls. 283–284).

Haugen (1972) skilgreinir hugtakið *Vistfræði tungumála* sem samverkan þeirra í því umhverfi sem þau tilheyra. Hann heldur því fram að hið sanna umhverfi tungumála sé samfélagið. Samkvæmt Haugen fyrirfinnast tungumál aðeins í hugum málnotendanna og gegnir einungis því hlutverki að tengja þá hvern við annan og við hið félagslega og náttúrulega umhverfi (Auður Hauksdóttir, 2016, bls. 77). Í erlendum orðabókum er að finna fleiri skilgreiningar sem allar leggja sitt af mörkum við að skilgreina hugtakið. Í orðabók *Merriam-Webster* (2017) stendur meðal annars: „Tungumál er kerfisbundin leið til að miðla tilfinningum eða hugsunum ... Kerfi hefðbundinna tákna, sérstaklega orða, eða bendinga sem hafa fasta merkingu“.¹ Ef *Oxford Dictionary* (2017) er skoðuð til samanburðar er tungumál skilgreint þar sem grunnur að mannlegum samskiptum, hvort sem það er ritað eða talað. Jafnframt er það leið til að tjá sig án orða eða með líkamstjáningunni einni. Þessi skilgreining lítur einnig svo á að þetta kerfi samskipta einskorðist við tiltekin lönd og samfélög. Flestar skilgreiningarnar gefa til kynna að tungumál sé í grundvallaratriðum bundið við menn en H. Douglas Brown (1994, bls. 5) heldur því fram að ekki sé hægt að útiloka að dýr

¹ „A systematic means of communicating ideas or feelings by the use of conventionalized signs, sounds, gestures, or marks having understood meanings“ (Merriam-Webster, 2017).

tjái sig á kerfisbundinn hátt líkt og mennirnir. Viðsvegar er hægt að finna fleiri skilgreiningar sem á einhvern hátt tengjast hver annarri. Það sem þessar skilgreiningar eiga í grunninn sameiginlegt er (1) að tungumál byggjast á ákveðnum grundvallarreglum, (2) mikilvægi tungumála í samskiptum og (3) alþjóðlegri notkun tungumála meðal manna (Brown, 1994, bls. 5).

Hvernig fólk kys að skilgreina tungumál getur haft áhrif á hvernig þau eru kennd og hvernig þau er meðtekin. Ef meiri áhersla er lögð á hljóð og tal geta grundvallarreglurnar orðið óskýrar en ef öfugt er farið að getur hljóðfræðin gleymst. Með því að tileinka sér ólíkar aðferðir og gera sér grein fyrir öllum hliðum tungumálakennslu getur kennarinn aukið skilning nemenda sinna á tilgangi þess að verða færari í tungumálum og hvað felst í raun og veru að baki uppbyggingu þeirra.

Til að gera sér grein fyrir stöðu ensku á Íslandi er mikilvægt að átta sig á ólíkum skilgreiningum á því hvernig hægt sé að tileinka sér málið. Í undirkafla 3.1 verður skilgreint hver munurinn er á *ensku sem erlendu tungumáli* (e. english as a foreign language) og *ensku sem öðru tungumáli* (e. english as a second language) til að varpa ljósi á hvað greinir þessa tvo þætti að og hvernig þeir tengjast stöðunni á Íslandi. Í undirkafla 3.2 verður síðan komið inn á stöðu ensku sem alþjóðlegs samskiptamáls bæði hérlendis og á heimsvísu.

3.1 Breytt staða ensku á Íslandi

Hér á landi hefur enska að öllu jafnaði verið skilgreind sem erlent tungumál og er hugsunin þá sú að tungumálið spili ekki stórt hlutverk í samfélaginu heldur fari kennslan mestmegnis fram innan veggja skólans (Ellis, 1994, bls. 11–12). Samkvæmt almennri skilgreiningu fer nám á erlendu tungumáli að stórum hluta fram á formlegan hátt í kennslufræðilegu umhverfi þar sem tækifærin til þess að komast í nánari snertingu við tungumálið eru af skornum skammti. Í slíkum tilvikum er hvorki verið að ræða um móðurmál nemandans né tungumál sem er ríkjandi í viðkomandi málsamfélagi. Áhersla er því að mestu leyti lögð á tungumálið sjálft og minna á það sem liggur að baki. Hlutverk kennarans er að sjá til þess að nemendur tileinki sér viðunandi orðaforða og nýti sér þær stafsetningar- og málfræðireglur sem við eiga. Sumir nemendur fá tækifæri til að nota tungumálið utan kennslustofunnar en yfirleitt eru kennslustundirnar eina tenging þeirra við málið. Í sumum tilfellum er eina

markmið nemandans að ná prófunum en ekki að nýta sér tungumálið sem samskiptatæki. Í þessu samhengi er talað um að nemandi læri eða nemi erlent mál. Þetta takmarkaða málareiti getur orðið til þess að nemandinn nær aldrei fullum tókum á erlenda málinu sem jafnast á við móðurmálsfærni (Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, 2007, bls. 15; Lightbown og Spada, 2013, bls. 123–124).

Til samanburðar fer nám á öðru tungumáli yfirleitt fram í þjóðfélögum þar sem tungumálið er opinbert eða ríkjandi tungumál í mennta- og vinnusamfélögum hvers staðar fyrir sig. Hugtakið annað mál er því notað um þau tungumál sem lærð eru á eftir móðurmálinu á málsvæði *markmálsins* (e. target language). Þótt hér sé notað hugtakið *annað tungumál* er ekki endilega um að ræða tungumál númer tvö því í raun getur það verið þriðja eða fjórða tungumál einstaklings. *Annarsmálsfræði* (e. second language acquisition) er samheiti yfir þetta tiltekna fræðasvið og hugtakið *annað mál* endurspeglar þá tungumálakunnáttu sem nemandi tileinkar sér við ákveðnar málaðstæður. Yfirleitt eru það minnihlutahópar og innflytjendur með annað móðurmál sem þurfa að tileinka sér annað tungumál þegar þeir setjast að í nýju landi. Náminu er aftur á móti hægt að skipta í tvo mismunandi flokka: Formlegt nám sem á sér stað í kennslustofu og óformlegt nám sem á sér stað í náttúrulegu umhverfi tungumálsins (Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, 2007, bls. 14–15; Saville-Troike, 2006, bls. 2 og 4).


Það fyrrnefnda á oftast við um fullorðna einstaklinga sem þurfa aðstoð við að ná tókum á ríkjandi tungumáli í nýju landi. Fullorðnir læra málið einnig á óformlegan hátt í samskiptum við aðra en oftast eru það börn sem tileinka sér mál eftir óformlegu leiðinni og þá sérstaklega ef þau eru ólæs. Börn sem flytja í nýtt umhverfi þar sem annað tungumál er ríkjandi eru snögg að læra undirstöðuatriði af öðrum og þurfa því oft ekki á formlegri kennslu að halda fyrir en síðar á lífsleiðinni. Börn innflytjenda sem tileinka sér annað tungumál í nýju umhverfi fyrir utan móðurmálið eru sögð verða *tvítyngd* í því samhengi að fleira en eitt mál verður *móðurmál*. Þeir sem fást við þessi fræði á Íslandi hafa kosið að skilgreina hugtakið út frá nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku burtséð frá færni þeirra í tungumálinu. Hér er samt sem áður gengið út frá því að nemandinn hafi alla burði til þess að verða tvítyngdur samkvæmt fyrri skilgreiningu (Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, 2007, bls. 14–15; Saville-Troike, 2006, bls. 2 og 4).

Mikill munur er á hvernig og að hvað miklu leyti börn og fullorðnir tileinka sér annað mál. *Frálag* (e. output) barna er ólíkt frálagi fullorðna og þá sérstaklega þegar færni þeirra er skoðuð til lengri tíma litið. Munurinn virðist vera það mikill að ekki er notað sama hugtakið yfir þessi ólíku ferli. Talað er um *máltöku* (e. acquisition) þegar um börn er að ræða og *máلتileinkun* hjá fullorðnum. Í þessu tilfelli er verið að vísa til þess meðfædda hæfileika sem börn hafa til að læra tungumál. Flestir fræðimenn eru sammála um að sá eiginleiki sé ekki til staðar í fullorðnum sem gerir þeim erfiðara fyrir að læra erlent og annað tungumál (Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, 2007, bls. 14–15; Saville-Troike, 2006, bls. 2 og 4).

Þó nokkur munur er á kennslu erlends tungumáls og annars tungumáls og byggist að mestu leyti á því hversu mörg tækifæri gefast til að nota tungumálið í daglegu tali og samskiptum. Þessi munur felst mestmegnis í tegund og magni *ílagsins* (e. input) sem nemandinn kemst í snertingu við í markmálinu eða því tungumáli sem hann nemur. Samkvæmt Birnu Arnbjörnsdóttur er sífellt orðið erfiðara að átta sig á hver staða ensku er á Íslandi og hvernig best sé að skilgreina hana. Svo virðist vera sem enska eigi orðið meira sameiginlegt með öðru tungumáli en erlendu hér á landi en fellur samt sem áður undir hvoruga skilgreininguna (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007, bls. 51–52, 2010, bls. 77).

Fáar rannsóknir hafa verið framkvæmdar sem snúa að áreiti ensku á Íslandi. Í símakönnun sem gerð var á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands árið 2011 svöruðu 740 manns af þeim 1200 sem biðlað var til. Þátttakendurnir voru spurðir hversu oft þeir hlustuðu, læsu, töluðu og skrifuðu ensku. Hlutfallslega jöfn dreifing var á milli karla og kvenna (51% og 49%) og eftir búsetu á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Úrtakið er því marktækt og endurspeglar þjóðina með tilliti til kyns og búsetu. Aldursdreifingin var ekki eins jöfn og voru færri þátttakendur í aldurshópnum 18–29 ára sem svöruðu eða 54% á móti 69% í aldurshópnum 40–49 ára. Hlutfall þeirra sem klárað höfðu grunnskóla var 27%, um það bil 39% höfðu

brautskráðst úr framhaldsskóla og 33% voru háskólamenntaðir. Mynd 1 sýnir helstu niðurstöður rannsóknarinnar (Birna Arnbjörnsdóttir, 2011, bls. 4–6):



Mynd 1: Hlutfall þeirra sem heyra, lesa, tala og skrifa ensku daglega, vikulega og mánaðarlega

Niðurstöðurnar sýna að sláandi hlutfall svarenda (86%) sögðust heyra ensku daglega og hátt í helmingur (43%) lásu efni á ensku á hverjum degi. Aftur á móti virðist sem kúrfan snúist við þegar kemur að tali og skrift. Nánast fjórðungur svarenda (21%) segist skrifa ensku daglega og örlítið lægra hlutfall þátttakenda (19%) svaraði því að þeir tali ensku á hverjum degi. Í könnuninni kom einnig fram að það væru mest kvikmyndir og annað sjónvarpsefni auk tónlistar sem þátttakendur hlustuðu á. Ekki er vitað hversu mikið magn af því er textað en hægt er að áætla að slíkt áreiti hafi áhrif á meðtekna hlustun. Samkvæmt tveimur öðrum könnunum á vegum Háskóla Íslands kom í ljós að 73% af sjónvarpsefni á Íslandi væri á ensku og að börn verða fyrir mestum áhrifum tungumálsins í gegnum fjölmiðla og vinsæla tónlist. Sjónvarpsefni á Íslandi er venjulega birt á upprunalega tungumálinu með íslenskum texta í stað þess að það sé talsett. Hingað til hefur talsett efni einskorðast við barnaefni og fræðsluefni á borð við náttúrulífsþætti. Ef meirihluti þess sem fólk hlustar á er afþreyingarefni þurfa grunn- og framhaldsskólar landsins að einblína á að kenna annars konar hlustun sem gagnast í atvinnulífi og háskólanámi til þess að meira samræmi sé á milli skólastiga (Birna Arnbjörnsdóttir, 2011, bls. 4; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2012b, bls. 16; Jeeves, 2013, bls. 29–30).

Þeir sem nota ensku í daglegu tali eða sem erlent mál hefur fjölgað til muna og er sá hópur orðinn mun fjölmennari en þeir málnotendur sem hafa ensku að móðurmáli. Talið er að þessi tvíþætta skilgreining sem Birna kemur inn á eigi ekki lengur við í löndum þar sem enska er orðin að ríkjandi tungumáli í samskiptum innfæddra. Þessi aukna notkun ensku sem alþjóðlegs samskiptamáls á Íslandi hefur leitt í för með sér vaxandi umræðu um eðli og stöðu tungumálsins og hvernig hentugast sé að kenna tungumálið í skólum landsins (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007, bls. 51–52, 2010, bls. 77).

3.2 Enska sem alþjóðlegt samskiptamál

Aukin hnattvæðing og hröð þróun samskipta- og flutningatækni í nútímanum hefur haft mikil áhrif á útbreiðslu ensku sem erlends og annars tungumáls í heiminum. Þessi veraldarvæðing og breytt staða ensku sem alþjóðlegs samskiptamáls eða *lingua franca* hefur ýtt undir þá hugmynd að þörf sé á að endurskoða hvernig best sé að kenna ensku sem erlent tungumál. Þetta gefur ekki einungis til kynna að kennarar þurfi að aðstoða nemendur sína við að skilja ólíkan framburð og geta gert sig skiljanlega heldur eykur þetta líka skilning þeirra á ensku sem alþjóðlegu samskiptamáli (Mansfield og Poppi, 2012, bls. 160).

Kenningar um ensku sem samskiptamál eiga rætur sínar að rekja til hinnar fræðilegu umræðu síðustu áratuga og þá sérstaklega til skrifra Brajs Kachrus á níunda áratug síðustu aldar. Í skrifum sínum flokkaði hann ensku í þrennt: *innri hring* (e. inner circle) sem fól í sér málafríðgi í enskumælandi löndum, svo sem Bretlandi, Bandaríkjunum, Ástralíu og víðar; *ytri hring* (e. outer circle) sem náði til fyrri nýlenda þar sem enska var töluð, til dæmis í Asíu og Afríku og loks hinn *víkkandi hring* (e. expanding circle) sem spannar ensku allra þeirra sem ekki hafa ensku að móðurmáli en nota hana að staðaldri, meðal annars í störfum hjá alþjóðlegum stofnunum eða í samskiptum við aðra sem bæði hafa ensku að móðurmáli og þá sem tala hana sem erlent eða annað tungumál. Kachrus vildi meina að með því að taka mið af raunverulegu málumhverfi málnema væri hægt að auka gildi námsins frá menntunar-, menningar-, og stjórnmálalegu sjónarmiði. Í hnotskurn kallaði hann á allsherjar endurskoðun á því hvaða málafríðgi gætu talist viðurkennd í ljósi breyttar stöðu ensku í heiminum. Þær raddir sem eru honum sammála verða sífellt háværar og telja óraunhæft að stöðluð enska eigi að vera eina viðmiðið í notkun og kennslu ensku sem

tungumáls. Tími sé kominn á að fleiri afbrigði ensku séu viðurkennd og þeirra á meðal þau afbrigði sem myndast í samskiptum þeirra sem ekki hafa ensku að móðurmáli (Birna Arnbjörnsdóttir, 2010, bls. 78–79).

Annað vandamál sem hefur einkennt umræðuna undanfarin ár er sú staðreynd að þeir sem læra ensku sem erlent mál eða annað mál eiga það gjarnan til að nota tungumálið á þann hátt sem þeim þykir henta hverju sinni. Oft gleymist sú staðreynd að margir hafa ensku sem fyrsta mál og að ákveðnar reglur gilda um notkun tungumálsins. Staða tungumálsins í dag sem *lingua franca* hefur því haft þau áhrif að málið er meira notað í samskiptum en til fræðilegra nota (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2010, bls. 185).

Samkvæmt Birnu Arnbjörnsdóttur og Hafdís Ingvarsdóttur er enska orðin alþjóðlegt samskiptamál á Íslandi og nú til dags er góð undirstaða í ensku flestum jafn mikilvæg og almenn lestrarkunnátta eða færni í tölvunotkun. Þær hafa báðar gert mikið fyrir enskukennslu hérlendis með rannsóknum sínum á breyttri stöðu tungumálsins og eru sannfærðar um enska sé ekki einungis að taka miklum breytingum á Íslandi heldur einnig á heimsvísu. Ísland myndi þá teljast til hins víkkandi hrings Kachrus og ein af ástæðunum fyrir því er sú að krafa um enskunotkun í kennslu og fræðiskrifum við háskóla landsins hefur aukist til muna og samkvæmt óformlegri könnun 2007–2008 voru 276 námskeið við Háskóla Íslands alfarið kennd á ensku sem er um það bil 10% af öllum kenndum námskeiðum (Birna Arnbjörnsdóttir, 2010, bls. 77; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2010, bls. 179; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2012a, bls. 19–20).

Jafnvel þótt fólk hafi margar ástæður fyrir því að læra nýtt tungumál er enska álitin skila mestu hvað varðar áframhaldandi nám og störf. Með því að vera altalandi á ensku aukast líkurnar á betri árangri í háskólanámi og aðgengi að vinnumarkaði verður greiðara. Háskólar víðsvegar um heiminn eru farnir að auka framboð sitt á námskeiðum og námsleiðum á ensku til að svara vaxandi eftirspurn. Nú til dags þykir sjálfsgagt að háskólastúdentar séu færir um að lesa námsbækur á ensku og taka þátt í kennslustundum þar sem enska er meginsamskiptamálið. Þótt til séu dæmi um að enska sé ekki samskiptamál í háskólum hafa margir skólar sett sér markmið um að ná fram samhliða færni í móðurmáli og ensku. Í ítölskum háskólum er aðeins 1% nemenda fært um að lesa námsbækur á ensku á meðan Danir, Svíar og Finnar leggja

meiri áherslu á notkun tungumálsins. Svo dæmi sé tekið þá eru öll námskeið við Viðskiptaskólann í Kaupmannahöfn kennd á ensku og þar með talin þau námskeið þar sem bæði kennarar og nemendur eru danskir. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á notkun ensku á háskólastigi og við háskólana í Stokkhólmi, Árósum og Osló er meðal annars verið að skoða ástæður þess að Erasmus-skiptinemar velja að koma til Norðurlandanna. Hátt í helmingur þeirra sagðist vilja læra og nota ensku og þeir sem ekki tiltóku þetta sem ástæðu sína voru spurðir sérstaklega hvort þeir hefðu komið til að auka færni sína. 60% þeirra svöruðu játandi og 40% töldu hana vera nógu góða nú þegar. Könnun meðal 70 Erasmus-skiptinema hér á Íslandi leiddi í ljós að hátt í 70% þeirra sögðust hafa komið til Íslands til að bæta kunnáttu sína í ensku. Góð undirstaða í ensku virðist því vera orðin mikilvæg til að fólk geti tekið virkan þátt í skólastarfinu og seinna meir á alheimsmarkaði (Mansfield og Poppi, 2012, bls. 160; Birna Arnbjörnsdóttir, 2010, bls. 83–85).

Talið er að um það bil einn og hálfur milljarður manns í heiminum tali ensku sem fyrsta, annað eða erlent tungumál og því skiljanlegt að aðgengi að frekara námi og vinnumarkaðinum verði auðveldara með aukinni færni í tungumálinu. Staða ensku sem alþjóðamáls hefur hins vegar valdið því að skilin á milli ensku sem móðurmáls, ensku sem erlends tungumáls og ensku sem annars tungumáls eru orðin óskýr (Jeeves, 2013, bls. 27). Svo dæmi sé tekið þá eru enska og kínverska tvö mest töluðu tungumál heims en greinilegur munur er á hvar þau eru töluð og hver tileinkar sér þau. Á töflu 1 sést áætlað hlutfall þeirra sem hafa ensku og kínversku sem fyrsta mál og sem annað mál (Saville-Troike, 2006, bls. 8):

Tafla 1: Áætlað hlutfall þeirra sem tala kínversku og ensku sem fyrsta og annað tungumál

	FYRSTA TUNGUMÁL	ANNAÐ TUNGUMÁL
KÍNVERSKA	1,2 milljarður	15 milljónir
ENSKA	427 milljónir	950 milljónir

Eins og sést á töflu 1 er töluverður munur á þessum tveim mest töluðu tungumálum heims eftir því hvort um er að ræða fyrsta eða annað tungumál. Kínverska er móðurmál flestra í heiminum en enska er langtum algengari sem annað tungumál. Einungis í Kína

eru fleiri en 155 milljónir manna sem læra ensku sem erlent tungumál og fer sú tala sífellt hækkandi. Þeir sem hafa ensku sem móðurmál eru því oft vel settir á ferðalögum sínum um heiminn en eiga fyrir vikið mögulega erfiðara með að verða altalandi á öðru tungumáli (Saville-Troike, 2006, bls. 8–9).

Í flestum tilfellum er ekki slæmt að vera umkringdur mismunandi og framandi tungumálum en á alþjóðlegum fundum er til dæmis dýrt og óhagkvæmt að ráða marga þýðendur þar sem aðilar með ólíkan bakgrunn eru saman komnir og talar hver sitt tungumál. Alþjóðleg samtök hafa því flest tekið upp á því að hafa takmarkaðan fjölda alþjóðlegra tungumála. Í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna eru meðal annars sex tungumál: Kínverska, enska, franska, rússneska, spænska og arabíska. Aftur á móti vita þeir sem hafa setið slíka fundi að þeir sem hafa best vald á því máli sem notast er við hverju sinni hafa mest áhrif á umræðuna. Ef enska sem erlent mál myndi öðlast viðurkenningu sem alþjóðlegt samskiptamál styrktist staða þeirra sem nota það gagnvart innfæddum málnotendum. Með hugtakinu *samskiptamál* er samt ekki átt við nýtt afbrigði af ensku sem einhvers konar *alheimsensku*. Bæði er það óframkvæmanlegt og óraunhæft að ætla að til verði sérstakt tungumál sem kæmi meðal annars í staðinn fyrir staðlaða ensku. Í þessu samhengi er skilgreiningin á hugtakinu að samskiptamál sé notað meðal fólks sem á hvorki sameiginlegt tungumál né sameiginlega menningu og velur að nota ensku sem erlent mál til samskipta. Við slík samskipti minnkar krafan um gildi menningarbundinnar málhegðunar og kvaðir um „réttá“ og „viðeigandi“ málnotkun. Slíkar kröfur hafa einmitt reynst málnotendum í ytri og víkkandi hring Kachrus erfiðar (Birna Arnbjörnsdóttir, 2010, bls. 79–80; Melitz, 2014, bls. 5).

Ef ofantalin atriði eru borin saman við þróun samfélagsins hér á Íslandi virðist sem þörf sé á að endurskilgreina stöðu tungumálsins í kennslu til að stuðla að bættari kennsluháttum. Ein leið til þess er að skoða þann hluta Aðalnámskrár grunnskóla nánar sem snýr að kunnáttu og hæfniviðmiðum erlendra tungumála. Þau markmið og viðmið sem þar eru sett fram endurspegla þá kunnáttu sem nemendur eiga að hafa öðlast við lok grunnskóla. Mikilvægt er því að kröfurnar séu raunhæfar og í samræmi við það hlutverk sem tungumálið gegnir hér á landi. Í 4. kafla verður því litið nánar á skilgreiningu og hæfniviðmið ensku og dönsku í nýjustu Aðalnámskrá grunnskólanna.

4. Hæfniviðmið Aðalnámskrár

Í þessum kafla verður fjallað um markmið og skilgreiningu Aðalnámskrár 2011 hvað varðar hlutverk ensku og dönsku innan skólakerfisins með sérstöku tilliti til þeirra breytinga sem gerðar voru á námskránni sem kom út 1999. Eins og þegar hefur verið komið inn á var áherslubreyting í þeirri námskrá og enska varð fyrsta erlenda tungumálið sem kennt er í grunnskóla. Þar er einnig mun ítarlegar farið í hvaða kunnáttu nemendur eiga að hafa öðlast við lok grunnskóla í hvoru tungumálinu fyrir sig. Einstök markmið ná yfir bæði tungumálin en nokkur áherslumunur er á sumum þeirra. Áhersla er meðal annars lögð á að nemendur geti lesið sér til gagns og gamans á bæði dönsku og ensku en ætlast er til að nemendur geti tjáð sig lipurlega á ensku á meðan einungis er búist við því að þeir geti tjáð sig á einfaldan hátt á dönsku. Varðandi skrift og ritun er ætlast til að nemendur séu færir um að beita helstu málfræði- og málnotkunarreglum í ensku en geri sér einungis grein fyrir meginreglum um málnotkun og málfræði í dönsku. Auk þess er tekið skýrt fram að nemendur eigi að vera meðvitaðir um notagildi ensku víðsvegar um heiminn og sjái gildi hennar í fræðslu og vísindum. Meiri áhersla er lögð á að þeir öðlist meiri innsýn í danska siði, menningu og þjóðfélag heldur en tilgangi þess að læra tungumálið í frekara námi eða starfi (Menntamálaráðuneytið, 1999, bls. 18 og 35).

Í eftirfarandi undirköflum verður reynt að varpa ljósi á þær helstu breytingar sem verða við útgáfu nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla 2011. Í undirkafla 4.1 verður komið inn á þau rök Aðalnámskrár 2011 um hvers vegna enska og danska er kennd sem skyldufög í erlendum tungumálum. Í undirkafla 4.2 verður síðan farið ítarlega í þau hæfniviðmið sem sett eru fram og ætlast er til að nemendur hafi tileinkað sér við lok 10. bekkjar.

4.1 Menntagildi og megintilgangur erlendra tungumála

Í nýjustu Aðalnámskrá grunnskólanna 2011, með viðbættu greinasviði 2013, eru enska og danska skilgreind sem erlend tungumál í íslensku menntakerfi. Samt sem áður er settur fram skilmerkilegur munur á hvaða hlutverki þau gegna hvort fyrir sig.

Enska er sögð gegna lykilhlotverki er við kemur viðskiptum á alheimsmarkaði og góð undirstaða í tungumálinu getur skipt sköpum á þessu sviði þegar ætlunin er að

koma íslenskum iðnaði, sjónarmiðum eða hagsmunum út fyrir landsteinana. Auk þess er komið inn á að mikilvægt sé að hafa gott vald á ensku á háskólastigi þar sem lesefni er að stórum hluta á ensku og margir íslenskir námsmenn leggja stund á framhaldsnám í enskumælandi löndum og öðrum löndum þar sem kennslan fer fram á ensku. Í þessu samhengi veitir enskukunnátta innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál og þjóða þar sem enska gegnir stöðu annars máls. Lögð er áhersla á tengingu Íslands við engilsaxneska tungu, menningu og sögu landanna sem hefur skarast á ýmsum tímum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 123).

Danska er kennd sem annað erlent tungumál í grunnskóla og er að öllu jöfnu það norræna tungumál sem lögð er áhersla á en þeim nemendum sem hafa sérstök tengsl við Noreg eða Svíþjóð stendur þó til boða að læra norsku eða sænsku í staðinn. Í námskránni kemur fram að Norðurlandamál séu kennd til að viðhalda samskiptum og menningartengslum við norrænar þjóðir enda er saga Íslands samofin sögu þeirra og menningu. Rík áhersla er lögð á sameiginlegan menningararf og þá staðreynd að tungumálin séu spröttin af sömu rót og samfélagsgerðin sé byggð upp á sömu gildum og grundvallarreglum. Ímynd Norðurlandanna er sterk á alþjóðavettvangi og þess vegna sé mikilvægt að styrkja samnorræna ímynd og samkennd. Tilgangurinn með kennslu í norrænum tungumálum er að styrkja þessi tengsl á milli þjóðanna og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að menntun og atvinnu á öllum Norðurlöndunum. Stór hluti Íslendinga sækir árlega nám og störf á Norðurlöndunum og því nauðsynlegt að inntak og skipulag námsins byggist á að gera nemendur færa í að beita tungumálinu við fjölbreyttar aðstæður og í þeim tilgangi að þeir séu virkir þátttakendur á norrænum vettvangi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 123–124).

Tungumálanám á að veita nemendum tækifæri til að rækta skilning á ólíkum lífskjörum og félags- og menningarlegum aðstæðum hjá öðrum þjóðum. Námið eigi þannig að stuðla að aukinni vitund nemenda í að setja sig í spor annarra og hvaða tækifæri felast í því að öðlast færni í erlendum tungumálum. Þessi færni byggist meðal annars á því að nemendur geti notað tungumálið tiltölulega hnökralaust og gert greinarmun á hvað sé við hæfi hverju sinni, sama hverjar aðstæðurnar eru og við hvern er rætt. Í tungumálanámi sínu eiga nemendur að tileinka sér aðferðir og vinnubrögð sem verða þeim veganesti út í lífið og sem auðvelt er að yfirfæra á nám á öðrum tungumálum. Námið þarf því að miða að því að nemendur læri að taka ábyrgð á eigin

námi, setji sér markmið, ígrundi eigið nám og meti námsframvindu sína samkvæmt því (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 124). Til þess að gera nemendum skýrt grein fyrir því til hvers er ætlast af þeim og til þess að þeir geti náð settum markmiðum er lögð rík áhersla á hæfniviðmið Aðalnámskrár og spila þau veigamikili hlutverk í kennslu og námi erlendra tungumála.

4.2 Hæfniviðmið fyrir erlend tungumál

Hæfniviðmiðum tungumálakennslu í Aðalnámskrá er skipt upp í þrjú stig þar sem munur er á milli skóla hvenær tungumálanám hefst. Hver og einn skóli skipuleggur sjálfur hvernig tungumálakennslunni skuli háttað og innan þess fellur meðal annars hvenær ensku- og dönskukennsla hefst. Samt sem áður er gert ráð fyrir að nemendur hafi við lok grunnskóla náð hæfni á 3. stigi bæði í ensku og dönsku eða öðru Norðurlandamáli (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 125).

Hæfniviðmiðin eru þau sömu fyrir ensku og annað Norðurlandamál og er þeim skipt upp í eftirfarandi flokka: hlustun, samskipti, frásögn, lesskilning, ritun, menningarläsi og námshæfni. Efst í hverjum flokki er að finna yfirviðmið sem síðan eru útfærð nánar. Þessi þriggja stiga rammi auðveldar skipulag fyrir einstaklingsmiðað nám og gerir ráð fyrir að nemendur hafi mismikla hæfni í tungumálalærdómi og að byrjunarreiturinn og námshraði sé ekki alltaf sá sami (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 125). Í eftirfarandi undirköflum verður litið nánar á hvern þátt fyrir sig til að reyna að varpa ljósi á hlutverk þeirra og þau markmið sem ætlast er til að nemendur hafi náð í bæði ensku og dönsku við lok grunnskóla.

4.2.1 Hlustun, samskipti og frásögn

Nemendur þurfa frá upphafi tungumálanámsins að venjast því að heyra málið og átta sig á því hvernig það er notað við raunverulegar aðstæður og fá auk þess tækifæri til að spreyta sig á notkun þess þannig að merkingin sé skýr. Þeir þurfa að hlusta á ólíka texta og kynnast algengustu afbrigðum málsins eftir svæðum. Frá upphafi þarf að leggja ríka áherslu á réttan og skiljanlegan framburð, áherslur og hrynjandi og að nemendur nái tókum á föstum orðasamböndum sem notuð eru í daglegu tali. Nemendur og kennari eiga að geta notað málið í öllum venjulegum samskiptum sín á

milli í kennslustundum. Kennarinn á auk þess að hvetja nemendur sína til að nota tungumálið utan kennslustofunnar þegar tækifæri gefst.

Við lok grunnskóla í þessum flokki er ætlast til að nemendur geti „fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg“ (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 125). Í þessu felst meðal annars að nemendur geti sigtað út aðalatriði í kynningum og frásögnum sem vekja áhuga þeirra og að þeir geti brugðist við efninu, sagt frá og unnið úr því og jafnframt nýtt sér það á annan hátt síðar meir.

4.2.2 Lesskilningur

Í upphafi náms er eðlilegt að megináhersla sé lögð á hlustun og tal. Þegar nemendur eru lengra komnir í náminu er mikilvægt að auka vægi lesturs og ritunar. Lestur ýtir undir upptöku orðaforða og gefur þeim meiri tilfinningu fyrir málinu. Mikilvægt er að lesefnið henti aldri nemenda, þroska þeirra og áhugasviði. Það skiptir máli að nemendur lesi mikið og þá sérstaklega sér til fróðleiks, gagns og ánægju. Slíkur lestur ýtir undir þroska þeirra og hægt og rólega tileinka þeir sér námsaðferðir sem eru grundvöllur að góðum lesskilningi. Lestur um málefni líðandi stundar, menningu og lífnaðarhætti er einnig mikilvægur til að víkka sjóndeildarhring nemenda. Þeir þurfa smám saman að þjálfast í að nota gagnrýna hugsun, lesa á milli línanna og túlka ýmiss konar efni sem fjalla um tiltekin álitamál. Þeir nemendur sem eiga erfitt með lestur geta aukið orðaforða og málskilning í gegnum hlustun samhliða lestri eða með stuðningi mynda (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 133).

Við lok grunnskóla á nemandi að geta „lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölpættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 126). Þetta felur meðal annars í sér að nemandi sé fær um að afla sér upplýsinga úr texta, geti greint aðalatriði frá aukaatriðum og geri sér grein fyrir helstu niðurstöðum sem hann getur nýtt sér í frekari verkefnavinnu. Auk þess sem hann á að geta lesið sér til gagns á hann líka að geta lesið sér til fróðleiks í gegnum mismunandi miðla, svo sem dagblöð, tímarit, netmiðla og bækur ætluðum ungu fólki (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 126).

4.2.3 Ritun

Sá þáttur sem flestir nemendur virðast eiga í mestum erfiðleikum með að ná tókum á er ritun. Með það í huga er mikilvægt að byrja á einföldum viðfangsefnum og tengja ritunina öðrum hæfnipáttum. Það skiptir máli að leyfa nemendum að tjá sig um þau málefni sem standa þeim næst og vinna með þann orðaforða sem þeir hafa. Þegar þeir hafa öðlast meiri færni í ritun er hægt að gera meiri kröfur um uppsetningu, málfar, stafsetningu, orðaforða og inntak textans. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að skrifa fjölbreytta texta sem reyna á ritfærni og nákvæmni þeirra. Samhliða formlegri ritun eiga nemendur líka að fá tækifæri til að skrifa frjálstan texta þar sem meiri áhersla er lögð á innihald, stíl og frumleika textans (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 133).

Við lok grunnskóla á nemandi að geta „skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 129). Í þessu samhengi á nemandinn að geta skrifað bæði formlega og óformlega texta. Auk þess á hann að geta haft lesandann í huga við skrifin, brugðist við og skrifað skilmerkilega um það sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið. Í skrifum sínum á nemandinn því að geta tjáð skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu og geta leikið sér með málið og leyft sköpunargáfunni og ímyndunaraflinu að njóta sín (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 129).

4.2.4 Menningarläsi

Tungumál og menning eru samofin og mjög skyld hugtök. Tungumál hvernar þjóðar endurspeglar menningu þess og menningin varpar auk þess ljósi á tungumálið. Þess vegna er mikilvægt að vekja áhuga nemenda á öðrum þjóðum og menningarheimum þeirra. Með því að öðlast ákveðna innsýn í ólík kjör, lifnaðarhætti, menningararf, viðhorf og gildi annarra þjóða víkkar sjóndeildarhringur nemenda og þeir fá tækifæri til að sjá sjálfa sig og eigin aðstæður á annan hátt. Slíkt getur einnig hjálpað til við að vinna bug á fordómum og staðalímyndum og með því að leggja áherslu á bókmenntir, söngva, þjóðsögur og annað úr menningararfnum er hægt að skoða líf fólks fyrir á tímum. Kvikmyndir og annað myndefni færir síðan umheiminn nær og með því að

stofna til samskipta milli ungmenna í öðrum löndum er hægt að gera kynnin enn raunverulegri (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 134).

Við lok grunnskólans á nemandi að geta „sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 130). Nemandinn á því að geta sýnt fram á að hann þekki ágætlega til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og geri sér grein fyrir takmörkunum staðalímynda og áhrifum fordóma (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 130).

4.2.5 Náms hæfni

Til að stuðla að varanlegum námsárangri er mikilvægt að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, geti skipulagt sig og metið stöðu sína og námsframvindu á markvissan hátt. Námsaðferðir eru í þessu samhengi skilgreindar sem sérstakar aðferðir sem nemandi beitir til að öðlast meira sjálfstæði í lærdómi og til þess að stuðla að auðveldara, ánægjulegra og árangursríkara námi. Þessar námsaðferðir geta verið margvíslegar og á meðan sumar eru meðvitaðar eða lærðar eru aðrar ómeðvitaðar. Meðal aðferða í tungumálanámi má nefna lestraraðferðir, aðferðir til að æfa hlustun, ritun, minni og skilning og að lokum aðferðir til að gera sig skiljanlegan og geta tekið þátt í samræðum. Í þessu tilfalli þarf nemandi að finna að hann hafi stuðning frá kennara og samnemendum og fái sérstaka hjálfun í að veða og meta hvaða aðferðir henta honum og skili hvað mestum árangri (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 134).

Við lok grunnskóla á nemandi að geta „sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 131). Nemandi á því að geta beitt margvíslegum aðferðum sem gagnast honum í náminu og vita hvenær þær eiga við. Að auki er lögð rík áhersla á að nemandi kunni að meta eigin árangur og geti gefið öðrum sanngjarna endurgjöf í jafningjamati. Með þessi tæki að vopni á nemandi að geta nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að geta unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn. Nemandinn á að geta nýtt sér öll þau hjálpartæki sem í boði eru á hagnýtan hátt, svo sem ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og ýmiss konar leitarforrit (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 131).

4.3 Samantekt

Gildi og tilgangur erlendra tungumála í Aðalnámskrá 2011 er margvíslegur og augljós munur er á hvaða hlutverki tungumálin gegna í íslensku samfélagi og hvaða áhrif þau hafa á þjóðina. Samkvæmt námskránni gegnir enska lykilhlutverki varðandi áframhaldandi nám bæði á Íslandi og í námi erlendis. Einnig kemur fram að Íslendingar stundi gjarnan nám og sækja vinnu á Norðurlöndunum en meira er lagt upp úr því að með því að læra dönsku eða annað Norðurlandamál er verið að viðhalda og styrkja norræn tengsl. Í námskránni frá 1999 er líka að sjá greinilegan mun á hlutverki þessara tungumála og hæfniviðmiða sem þar eru sett fram. Það sem einkennir nýjustu Aðalnámskránni er aftur á móti sú staðreynd að hæfniviðmiðin eru þau sömu fyrir bæði tungumálin sem virðist frekar óraunhæft ef miðað er við ólík hlutverk þeirra og breytta stöðu ensku á Íslandi.


5. Umræður

Áhrif ensku á Íslandi hafa aukist til muna síðustu tuttugu ár vegna alheimsvæðingar og byltingar í upplýsingatækni. Internetið, veraldarvefurinn, gervihnattadiskar og aukin netsamskipti eru nú orðin hluti af hinu daglega lífi Íslendinga. Ensk tökuorð og frasar eru orðin algengari, bæði í almennum tali og sérstaklega á netmiðlunum. Ungt fólk á Íslandi heyrir og notar ensku frá unga aldri og að alast upp við slíkt gefur Íslandi ákveðna sérstöðu gagnvart tungumálinu. Samskipti ungmenna í gegnum netið og áhrif fjölmiðla, afþreyingar og tölvuleikja hefur ýtt undir frekari notkun tungumálsins þeirra á milli (Guðrún Kvaran, 2004, bls. 145; Jeeves, 2013, bls. 28–29).

Ef hæfniviðmið Aðalnámskrár 2011 eru skoðuð í samanburði við aukið áreiti ensku á Íslandi virðist heldur óraunhæft að ætlast til þess að nemendur séu jafn færir í ensku og dönsku. Greinilegur munur er á hvers vegna tungumálin eru kennd hvort fyrir sig í grunnskóla og þjónar enska þeim tilgangi að gefa nemendum greiðari aðgang að frekara námi á háskólastigi og markaði utan Íslands á meðan danska er kennd til að viðhalda samskiptum og menningartengslum við norrænar þjóðir. Þrátt fyrir að bent sé á að stór hluti Íslendinga sækir árlega nám og störf á Norðurlöndunum hefur dregist verulega úr áhrifum dönskunnar á Íslandi síðan íslenska þjóðin öðlaðist fullveldi 1918 og síðar sjálfstæði 1944. Margir af eldri kynslóð Íslendinga ólust upp við dönsk tímari og bækur og eru enn í dag færir um að lesa á dönsku. Áreiti dönsku er nú minna héraendis og einskorðast nánast eingöngu við kennslustofuna. Hlutverk dönskunnar hefur því tekið töluverðum breytingum og mun erfðara hefur reynst að sannfæra nemendur um notagildi hennar síðar meir. Auður Hauksdóttir hefur meðal annars rannsakað hvernig íslenskir námsmenn hafa nýtt sér skóladönskuna í námi sínu í Danmörku. Niðurstöðurnar bentu til þess að þeir séu læsir á danskt ritmál en skortir færni í talmáli. Nemendurnir töldu að of mikil áhersla hefði verið lögð á lestur, ritun og málfræði í grunnskólanámi þeirra en mun minna á talmál og skilning. Dönskukennarar hafa lengi kvartað yfir því hversu erfitt hefur reynst að fá nemendur til að þjálfast í að tala í tímum og virðist sem skortur á ílagi tungumálsins leiði af sér meira óöryggi hjá nemendum á því sviði. Hugsanlega er hér staða sem er öfug við stöðu ensku og á meðan nemendur ofmeta jafnvel færni sína í ensku talmáli finna þeir fyrir óöryggi þegar kemur að því að tjá sig á dönsku. Svo virðist sem þörf sé á

áherslubreytingum í dönskukennslu þar sem lögð yrði meiri áhersla á framburð og skilning (Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2012a, bls. 20–21).

Áreiti beggja tungumálanna er því mismunandi og áhuginn samkvæmt því. Í skýrslu sem Skóladeild Akureyrarbæjar og Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri framkvæmdi árið 2010 í 8.–10. bekk í grunnskólum Akureyrar voru settar fram niðurstöður úr könnun á áhuga nemenda á eftirfarandi námsgreinum: Íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, ensku, dönsku, listum, verkgreinum og íþróttum. Mynd 2 sýnir áhuga nemenda á ensku annars vegar og dönsku hins vegar (Trausti Þorsteinsson, 2010, bls. 4 og 8):



Mynd 2: Viðhorf nemenda í grunnskólum Akureyrar á dönsku og ensku

Niðurstöðurnar sýna að vel yfir helmingur (65,4%) þeirra nemenda sem tóku þátt hafa mikinn áhuga á ensku og svipað hlutfall (68,8%) hefur lítinn áhuga á dönsku (Trausti Þorsteinsson, 2010, bls. 8). Vissulega skal taka þessum upplýsingum með fyrirvara en ekki er hægt að neita þeirri staðreynd að enska virðist hafa meiri ítök nú til dags í samfélaginu heldur en danska sem endurspeglast í þessum niðurstöðum. Viðhorfið gagnvart tungumálunum tveimur hefur því sannarlega breyst í gegnum aldirnar og áhugavert er að velja fyrir sér hvort enska muni með tíð og tíma gegna sama hlutverki og danska gerði hér áður fyrr.

Ef vægi ensku á Íslandi heldur áfram að aukast og Íslendingar nota ensku mestmegnis sem samskiptamál liggur það í augum uppi að mikilvægt er að velja fyrir sér hvers konar markmið og markmál beri að leggja áherslu á í kennslu erlendra

tungumála. Í þessu samhengi ber að hafa í huga að Íslendingar stunda nám sitt í auknum mæli á ensku, hvort sem það er í íslenskum háskólum eða í sérnámi erlendis og þá reynir meira á lestur fræðilegra enskra texta og skólamál fremur en daglegt tal. Ákveðin þversögn liggur einnig í því að aðalkennslumál íslenskra háskóla eigi að vera íslenska en á sama tíma eigi þeir að vera virkur hluti af hinu alþjóðlega fræðasamfélagi. Hversu undirbúnir eru nemendur þá fyrir akademísk skrif á háskólastigi? (Birna Arnbjörnsdóttir, 2010, bls. 85–86).

Áður en nemendur byrja í framhaldsskóla hafa þeir þegar lært ensku í grunnskóla í að minnsta kosti sex ár. Margir nemendur, bæði í grunn- og framhaldsskóla, upplifa mikinn mun á viðfangsefnum sem þeir fást við í skólanum og þeirri ensku sem þeir nota dags daglega og telja sig hafa þörf fyrir í námi og starfi. Svo virðist vera sem hvatningin til að læra ensku sé tekin sem sjálfsögðum hlut og jafnvel þótt nemendur hafi áhuga á að læra tungumálið sjá þeir ekki tilgang með kennslustundunum. Í framhaldsskóla er enska að mestu leyti kennd á fræðilegan hátt en lítil áhersla er lögð á að gera nemendum grein fyrir hagnýtingu hennar þegar fram í sækir. Rannsóknir benda til þess að ósamræmi sé á milli enskukennslu og notkunar tungumálsins síðar meir og þær áherslur sem grunn- og framhaldsskólar leggja á í kennslu undirbúa nemendur ekki nægilega vel undir notkun ensku í námi og starfi heldur virðist kennslan frekar styrkja þá kunnáttu sem nemendur hafa öðlast utan skólans og þá oftast í almennu tali. Of mikil áhersla virðist vera lögð á að fylgja alþjóðlegum kennslubókum sem ekki eru samdar fyrir nemendur í íslensku málumhverfi sem leiðir til þess að þeir fá ekki æskilega þjálfun í ritun og lestri lengri rauntexa. Vegna vaxandi áreitis ensku sem samskiptamáls á Íslandi eiga nemendur til að ofmeta kunnáttu sína og rekast á vegg þegar þeir skrá sig í frekara nám á háskólastigi þar sem stór hluti námsefnisins er á ensku. Rannsóknir á þessu sviði hafa því leitt í ljós að Íslendinga skortir ákveðna færni í lestri og ritun á ensku sem hamlar þeim í háskólanámi (Birna Arnbjörnsdóttir, 2010, bls. 85–86; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2012a, bls. 19; Jeeves, 2013, bls. 34–35).

Undirbúningi grunnskólanema í erlendum tungumálum er því ábótavant og sú staðreynd að nemendur eigi að vera jafn færir í dönsku og ensku við lok grunnskólans endurspeglar þörfina á frekari umræðu um breytta stöðu beggja mála á Íslandi. Bæði námskrár og kennsla líta á ensku sem erlent mál hérlendis rétt eins og dönsku, þýsku

og frönsku. Sömu markmið eru sett fram á hverju ári sem eiga að gilda jafnt fyrir alla nemendur þrátt fyrir að raunveruleikinn sé sá að íslensk börn byrji í skóla með ólíkan grunn í ensku vegna mismikils áreitis í sínu nánasta málumhverfi. Íslensk börn og ungmenni læra ómeðvitað enskt mál daglega utan skólans í fjölbreytilegu og myndrænu samhengi meðal annars í gegnum kvikmyndir, tölvuleiki og í samskiptum við aðra. Þetta vekur þannig upp spurningar um það hversu miklum tíma eigi að verja í að láta nemendur horfa á kvikmyndir og hlusta á tónlist í skólanum þar sem þeir gera það hvort sem er utan hans. Augljóst er að það sé væntanlegra til árangurs að samræmi sé í kennslu og þörfum nemenda. Þessi breytta staða kallar þannig á endurskilgreiningu á stöðu ensku á Íslandi og hvernig hagkvæmast sé að kenna hana í grunn- og framhaldsskólum landsins til þess að hún nýtist nemendum sem best í framhaldsnámi bæði á Íslandi og erlendis (Birna Arnbjörnsdóttir, 2010, bls. 85–86; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, 2012a, bls. 20).

6. Lokaorð

Það liggur í augum uppi að enska gegnir ekki lengur að öllu leyti hlutverki erlends tungumáls á Íslandi líkt og danska en staða tungumálsins í íslensku samfélagi er þó enn óljós. Enska getur ekki verið skilgreind sem annað tungumál hér á Íslandi þar sem hún er ekki tilgreind sem opinbert mál í landinu. Hún er aftur á móti notuð við fjölmargar aðstæður sem alþjóðlegt samskiptamál, þar á meðal í menntakerfinu, starfi og á almennum vettvangi og hefur að því leyti sambærilega stöðu í landinu og annað tungumál. Hæfniviðmið núgildandi Aðalnámskrár virðast hins vegar ekki taka tillit til þessa.

Spurningin sem sett var fram í inngangi þessarar ritgerðar var eftirfarandi: Er þörf á að endurskilgreina hæfniviðmið Aðalnámskrár til að þau falli að þessum breytingum? Rannsóknir benda sterklega til þess að nýtt málumhverfi sé í mótun og því er líklegt að það muni hafa áhrif á þróun íslenskrar tungu og stefnu og viðmið í enskukennslu. Í þessu samhengi þá er þörf á að endurskilgreina hæfniviðmiðin til þess að þau falli að þessu nýja málumhverfi. Aukning enskuáreitis hefur áhrif á hversu vel nemendur eru undirbúnir til að takast á við nám og námsefni sem ekki er á móðurmálinu. Ljóst er að rannsóknir á ensku sem samskiptamáli á Íslandi eru löngu tímabærar og í því samhengi er mikilvægt að opna umræðuna og stuðla að frekari rannsóknum á þessu sviði. Áhugavert væri meðal annars að rannsaka viðhorf allra grunnskólanema landsins á ensku og dönsku og bera saman við stöðu ensku á Íslandi. Slíkt gæti gefið góða yfirsýn fyrir framtíðina og aukið skilning almennings á stöðu tungumálanna. Góður undirbúningur nemenda og kennara til að takast á við raunverulegar málaðstæður í íslenskum skólum er forsenda þess að nemendur geti tileinkað sér það námsefni sem fyrir þá er lagt.

Heimildaskrá

- Auður Hauksdóttir. (2007). Stiklur úr sögu enskukennslu. Í Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjórar), *Teaching and Learning English in Iceland* (bls. 15–50). Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.
- Auður Hauksdóttir (2016). The role of the Danish language in Iceland. *Linguistik Online*, 79(5). doi:<http://dx.doi.org/10.13092/lo.79.3335>
- Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir (ritstjórar). (2007). *Mál málanna: Um nám og kennslu erlendra tungumála*. Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2007). English in Iceland: Second language, foreign language, or neither? Í Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir (ritstjórar), *Teaching and Learning English in Iceland* (bls. 51–78). Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2010). Enska í háskólanámi. *Milli mála*, 1, 77–94. Sótt af <https://ojs.hi.is/millimala/article/view/1423>
- Birna Arnbjörnsdóttir. (2011). Exposure to English in Iceland: A quantitative and qualitative study. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/004.pdf>
- Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. (2010). Enskan og fræðaskrifin. *Milli mála*, 2, 179–200. Sótt af <https://ojs.hi.is/millimala/article/view/1447>
- Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. (2012a). Nýtt málumhverfi, ný námskrá, nýjar áherslur í tungumálakennslu. *Milli mála*, 4, 15–32. Sótt af <https://ojs.hi.is/millimala/article/view/1399>
- Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir. (2012b). Staða enskunnar í nýju málumhverfi. *Málfríður*, 28(2), 15–17. Sótt af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=6089609

- Brown, H. D. (1994). *Principles of language learning and teaching* (3. útgáfa). Englewood Cliffs, NJ: Prentice Hall.
- Dan, S., & Nicolas, C. (2008). Defining and explaining culture (comments on Richerson and Boyd, not by genes alone). *Biology & Philosophy*, 23(2), 283–292. Sótt af <http://search.ebscohost.com/login.aspx?direct=true&db=asn&AN=28699198&site=ehost-live>
- Ellis, R. (1994). *The study of second language acquisition*. Oxford: Oxford University Press.
- Guðjón Friðriksson og Jón Þ. Þór. (2013). *Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands: Síðara bindi*. Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag.
- Guðrún Kvaran. (2004). English influence on the Icelandic lexicon. *Nordic Journal of English Studies*, 3(2), 143–152.
- Jeeves, A. (2013). *Relevance and the L2 self in the context of Icelandic secondary school learners: Learner views*. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Stefánsson. (1949). Enska tímabilið á Íslandi. *Eimreiðin*, 55(4), 245–250. Sótt af http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000547019
- Kjartan G. Ottósson. (1990). Íslensk málhreinsun: Sögulegt yfirlit. Í Baldur Jónsson (ritstjóri ritraðar), *Rit Íslenskrar málnefndar: 6. bindi*. Reykjavík: Íslensk málnefnd.
- Lightbown, P. M. og Spada, N. (2013). *How languages are learned* (4. útgáfa). Oxford: Oxford University Press.
- Loftur Guttormsson. (2008a). Hefðir og nýbreytni 1880–1907. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi, Skólalald í bæ og sveit 1880–1945* (21–69). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Loftur Guttormsson. (2008b). Sundurleit skólaskipan 1907–1945. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi, Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (75–156). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Mansfield, G., og Poppi, F. (2012). The English as a foreign language/lingua franca debate: Sensitising teachers of English as a foreign language towards teaching English as a lingua franca. *PROFILE: Issue in Teachers' Professional Development*, 14(1), 159–172. Sótt af <http://search.ebscohost.com/login.aspx?direct=true&db=eric&AN=EJ1051655&site=ehost-live>
- Melitz, J. (2014). *English as a global language*. St. Louis: Federal Reserve Bank of St Louis. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/1698196501?accountid=32710>
- Menntamálaráðuneytið. (1960). *Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámsskrá grunnskólanna: Erlend tungumál*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámsskrá grunnskóla 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.
- Merriam-Webster*. (2017). Language. Sótt af <https://www.merriam-webster.com/dictionary/language>
- Oxford Dictionary*. (2017). Language. Sótt af <https://en.oxforddictionaries.com/definition/language>
- Saville-Troike, M. (2006). Introducing second language acquisition. *Cambridge Introductions to Language and Linguistics*. United Kingdom: Cambridge University Press.
- Stefán Karlsson. (2004). *The Icelandic Language* (Rory McTurk þýddi). London: Viking Society for Northern Research.

Sölvi Sveinsson. (1991). *Íslensk málsaga*. Reykjavík: Iðunn.

Trausti Þorsteinsson. (2010). *Viðhorf nemenda til starfs í grunnskólum Akureyrar:*

Könnun gerð fyrir skóladeild Akureyrarbæjar. Sótt af

<http://www.unak.is/static/files/Skolathrounarsvid/2010/Nemendur%208-10%20bekk.pdf>

Þór Whitehead. (1999). *Bretarnir koma. Ísland í síðari heimsstyrjöld: 4. bindi*.

Reykjavík: Vaka-Helgafell.

